

Kennari	Borghildur Ína Sölvadóttir (ina@vma.is)	Sk.st.	BÍN
----------------	---	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið yfir helstu stílbrigði sjónlista á Íslandi frá landnámi og fram á 20. öld í samhengi við þróun evrópskrar listasögu og tengsl listarinnar við þjóðfélagslegar forsendur á hverjum tíma. Farið er í gegnum helstu stíleinkenni og stefnur í tengslum við tíðaranda hvers tímabils og tæknilegar, félagslegar og landfræðilegar forsendur íslenskrar listsköpunar fyrr og nú rannsakaðar. Áhersla er lögð á að nemandinn nýti sér fjölbreytta miðla við upplýsingaleit og framsetningu verkefna.

Markmið:

Þekkingarviðmið - Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu stíleinkennum í íslenskrri myndlistarsögu
- verkum og hugmyndum helstu listamanna í íslenskrri myndlistarsögu
- gildi þekkingar á íslenskrri listasögu í alþjóðlegu samhengi
- hvemig samfélagsgerð, landfræðileg staða, veðurfar og tíðarandi hefur áhrif á hugmyndir, viðfangsefni og vinnuaðferðir myndlistarmanna

Leikniviðmið - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna á skapandi hátt í einstaklings- og hópverkefnum áfangans og sýna frumkvæði
- taka þátt í samvinnu, upplýsingaöflun og samræðum í kennslustundum með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi
- beita innsæi, tilfinningu og sjálfstæðum vinnubrögðum við útfærslu verkefna
- beita faglegum hugtökum til að tjá sig um þekkingu sína á stíleinkennum, stílbrögðum og túlkunarleiðum í íslenskrri listasögu

Hæfniviðmið - Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig um strauma og stefnur í íslenskrri myndlistarsögu og miðla þekkingu sinni á skýran og gagnrýninn hátt
- gera þekkingu sinni skil með margvíslegum hætti, skriflega, munnlega og með nýmiðlun
- taka þátt í uppbyggilegri og frjórri samræðu um verkefni sín og annarra
- ígrunda og rökstyðja mál sitt
- beita faglegum hugtökum til að tjá sig um þekkingu sína á stíleinkennum, stílbrögðum og túlkunarleiðum í íslenskrri listasögu

Námsgögn:

Mynd á þili eftir Þóru Kristjánsdóttur, Huldukonur í íslenskrri myndlist eftir Hrafnhildi Schram, Íslensk myndlist á 19. og 20. öld eftir Björn Th. Björnsson, Íslensk listasaga, 1.-5. bindi, Icelandic Art Today auk bóka um einstaka listamenn og efni af s.s. heimasíður listamanna og safna. Verkefnalýsingar verða aðgengilega á Google Classroom svæði áfangans. **Nemendur þurfa að eiga A4 gormabók eða lausblaðamöppu.**

LISA3ÍS05

Námsáætlun

Haustönn 2021



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Námsefninu er skipt í níu lotur þar sem stiklað verður á stóru í íslenskri listasögu, frá landnámi til samtímans. Fjallað verður sérstaklega um sjö listamenn sem hver með sínum hætti hefur haft áhrif á þróun, stefnu og strauma í íslenskri myndlistarsögu og nemendur vinna verkleg og/eða skrifleg skilaverkefni um hvern þeirra. Að auki vinna nemendur tímaverkefni í tengslum við viðfangsefni hverrar lotu, podcastþátt um Fenejvatvíæringinn og þátttöku Íslendinga í honum og fylla út sjálfsmat.

Meðfram allri vinnu sinni í áfanganum skulu nemendur vinna persónulega listasögubók (ferilmöppu-/bók) þar sem þeir halda utan um efni áfangans í máli, myndum, teikningum o.s.frv. **Nemendur þurfa að gera ráð fyrir að vinna að verkefnum sínum utan kennslustunda!**

Tímabil	Námsefni	Verkefni og vægi námsmatsþátta
Lota 1	Tímalína – Íslensk listasaga sett í samhengi við alþjóðlega strauma og stefnur	Tímaverkefni lotunnar, gilda 3%
Lota 2	Ragnar Kjartansson og samtíminn	Skilaverkefni um Ragnar Kjartansson, gilda 5% Tímaverkefni lotunnar, gilda 3%
Lota 3	Steina Vasulka og lok 20. aldar	Skilaverkefni um Steinu Vasulka, gilda 5% Tímaverkefni lotunnar, gilda 3%
Lota 4	Magnús Pálsson og Súmaramir	Skilaverkefni um Magnús Pálsson, gilda 5% Tímaverkefni lotunnar, gilda 3%
Lota 5	Erró og miðbik 20. aldar	Skilaverkefni um Erró gilda 5% Tímaverkefni lotunnar, gilda 3%
Lota 6	Svavar Guðnason og abstraktin á Íslandi	Skilaverkefni um Svavar Guðnason, gilda 5% Tímaverkefni lotunnar, gilda 3%
Lota 7	Kjarval og frumherjar við upphaf 20. aldar	Skilaverkefni um Kjarval, gilda 5% Tímaverkefni lotunnar, gilda 3%
Lota 8	Þórarinn B. Þorláksson og 19. öldin	Skilaverkefni um Þórarinn B. Þorláksson, gilda 5% Tímaverkefni lotunnar, gilda 3%
Lota 9	Víkingar, nytja- og kirkjulistir	Tímaverkefni lotunnar, gilda 3%
Önnur verkefni: Lagt fyrir í lotu 5/6: Nemendur vinna podcastþátt um Fenejvatvíæringinn og þátttökur Íslendinga í honum – Gildir 20% Lagt fyrir í lotu 9: Nemendur fylla út sjálfsmat þar sem þeir leggja mat á nám sitt í áfanganum – Gildir 10%		

LISA3ÍS05

Námsáætlun

Haustönn 2021



Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Verkefni tengd kjarnalistamanni	Sjö ólík skilaverkefni, hvert gildir 5%	35%	
Tímaverkefni	Ýmis verkefni unnin í tímum samhliða umfjöllun kennslustundanna í hverri lotu. Tímavinna hverrar lotu gildir 3%	27%	
Podcast	Nemendur vinna podcastþátt um Feneyjatvíæringinn og þátttöku íslenskra listamanna í honum	20%	
Ferilmappa	Safnmappa eða -bók þar sem nemendur halda utan um vinnu sína í áfanganum. Áhersla er lögð á að bókin sé vönduð og hönnuð á persónulegan hátt – grunnur að mati á ástundun og virkni í kennslustundum	10%	
Sjálfsmat	Í lok áfangans þurfa nemendur að leggja mat á nám sitt í áfanganum með því að fylla út sjálfsmatsblað	8%	
	Samtals:	100%	
<u>Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.</u> <u>Annað: Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladegi nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar astæður séu fyrir hendi að mati kennara. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma, þá lækkar einkunn um hálfan (0,5) næstu fimm virku daga. Eftir það eru skil ekki heimil.</u>			

Opið hús á listnámsbraut :: 2. Desember milli 20 og 21:30

Dagsetning: 16.08.21


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils